

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 24. nóvember 2011 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015 sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 12. maí 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar hefur verið auglýst.

Í breytingartillögunni felst að íbúðarsvæði í Kirkjulækjarkoti verður stækkað um 0,5 ha og undirkaflinn „opin svæði til sérstakra nota“, á bls. 48 í greinargerð, verður felldur niður. Gerð verður breyting á köflum 6.2.1 og 6.2.2 í greinargerð vegna íbúða í miðbæ Hvolsvallar.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 24. nóvember 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2011